



## SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Reykjavík, 13. ágúst 2004

Fjármálaráðuneyti,  
b.t., Mariönnu Jónasdóttur  
Arnarhvoli, 150 Reykjavík

Efni: Sameiginleg umsögn Samtaka atvinnulífsins og Samtaka banka og verðbréfafyrirtækja um drög að frumvarpi til laga um brt. á l. um ársreikninga

Vísað er í bréf dags. 16. júní sl. þar sem óskað er eftir umsögn um drög að frumvarpi til breytinga á lögum um ársreikninga, þ.e. breytingar til innleiðingar á tilskipun EB um alþjóðlega reikningsskilastaðla. Samtökin lýsa almennri ánægju með frumvarpið, enda ljóst að þær efnisbreytingar á einstökum ákvæðum sem það mælir fyrir um munu stuðla að framþróun reikningsskilamála á Íslandi.


Samtökin staldra þó við ákvæði i. og j-liðar 1. gr. frumvarpsins, sem snúa að eftirliti með framkvæmd reikningsskila. Tilskipunin kveður á um að slíku eftirliti skuli komið á. Hins vegar er aðildarríkjum eftirlátið með hvaða hætti það skuli gert. Samtökin geta skilið rökin fyrir þeirri nálgun sem frumvarpið ráðgerir, það er að komið sé upp einum miðlægum eftirlitsaðila með reikningsskilum, óháð því að hvers konar fyrirtækjum eftirlitið lítur. Slíkt er fallið til að styrkja heildaryfirsýn í málaflokknum, svo framarlega sem hinu miðlæga eftirliti sé skapaður viðunandi fjárhagsgrundvöllur til að sinna hlutverki sínu. Hins vegar er grundvallaratriði að sjálfstæði slíks eftirlitsaðila frá skattyfirvöldum sé tryggt jafnt í reynd sem ásýnd. Þar ber að taka mið af því að aðrar upplýsingar þurfa að koma fram í reikningsskilum en skattskilum og öll fræðileg nálgun á þessum tveimur sviðum er ólík, enda er eitt af meginhlutverkum ársreiknings að veita fjárfestum upplýsingar um stöðu félags og framtíðarhorfur, sem skattskil snúa í engu að.

Á það má benda að ein af meginíðurstöðum skýrslu sem SA létu vinna um eftirlitsaðnaðinn á Íslandi síðastliðið vor var að huga þyrfti að því að fækka eftirlitsaðilum eftir því sem kostur er. Ef fara ætti ofangreinda leið er því afar mikilvægt að tryggja samvinnu milli þessa nýja eftirlitsaðila og starfsemi fjármálaeftirlits, svo ekki yrði um skörun á eftirlitsstarfsemi að ræða og tvöfaldar eftirlitsgreiðslur af hálfu fjármálafyrirtækja. Hið nýja fyrirkomulag má heldur ekki leiða til þess að álögur á skráð fyrirtæki hækki verulega, enda hætta á að það drægi úr vilja fyrirtækja til að skrá sig á markað.


Áður en endanlegt frumvarp verður lagt fram telja SBV einnig rétt að sá möguleiki verði skoðaður til hlítar að fela fjármálaeftirlitinu eftirlitshlutverkið. Ef sú leið yrði fyrir valinu væri hins vegar mikilvægt að sá hluti FME sem færi með þetta hlutverk yrði eflur og jafnframt tryggt að fjármálafyrirtæki, sem nú greiða kostnað við rekstur FME, væru ekki látin bera kostnað að eftirliti með óskyldum fyrirtækjum.

Jafnframt mætti velja því fyrir sér í tengslum við slíka athugun hvort málaflokkurinn væri betur kominn undir einu ráðuneyti.

Samtök atvinnulífsins

  
Ari Edwald, framkvæmdastjóri

Samtök banka og verðbréfafyrirtækja

  
Guðjón Rúnarsson, framkvæmdastjóri